

STJÓRNARTÍÐINDI B 39 — 1976

30. nóvember 1976.

773

Nr. 406.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 17 19. janúar 1976 um breyting á reglugerð nr. 299 15. júlí 1975, um fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

2. tl. 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrir Vestfjörðum allt árið á svæði er takmarkast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- a. 67°17'0 n.br., 23°51'0 v.lgd.
- b. 67°21'5 n.br., 22°03'0 v.lgd.
- c. 67°02'4 n.br., 21°47'0 v.lgd.
- d. 66°57'0 n.br., 23°21'0 v.lgd.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins sbr. lög nr. 45 13. maí 1974, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. nóvember 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

30. nóvember 1976.

Nr. 407.

REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Frá 8. desember 1976 til 15. maí 1977 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem markast af línu dreginni í réttvísandi vestur frá Sandgerðisvíta í punkt 64°02'4 N og 23°42'0 V, þaðan í réttvísandi norður í punkt 64°20'0 N og 23°42'0 V og þaðan í réttvísandi austur.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt 17. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

B 97